



Reglur um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannaðstoðar sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002

1. gr.

Með vísan til 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 veitir fjölskyldu og velferðarráð Suðurnesjabæjar foreldrum eða aðilum máls og/eða barni 15 ára og eldri sem eru aðilar máls fjárstyrk til greiðslu lögmannaðstoðar ef málefni þeirra sæta meðferð fyrir fjölskyldu og velferðarnefnd. Veittur er fjárstyrkur vegna fyrirtöku á fundi nefndarinnar, þ.e. vinnuframlag til undirbúnings og mætingar á fund nefndarinnar þegar til greina kemur að beita þvingunarúrræðum samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Ekki er veittur styrkur vegna viðveru lögmanns á fundum með starfsmönnum nefndarinnar nema sérstaklega hafi verið óskað eftir viðveru lögmanns af hálfu starfsmanns.

2. gr.

Fjölskyldu og velferðarráð veitir jafnframt aðilum máls fjárstyrk til greiðslu lögmanskostnaðar fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

3. gr.

Fjárstyrkur til að greiða fyrir lögmannaðstoð er háður því skilyrði að löglærður aðstoðarmaður hafi leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður eða héraðsdómslögmaður sbr. lög nr. 77/1998 um lögmenn.

4. gr.

Foreldrar eða aðrir forsjáraðilar barns og barn 15 ára eða eldra sem er aðili að máli velja sér sjálfir lögmenn, sbr. 1. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

5. gr.

Félagsmálastjóri afgreiðir umsóknir um fjárstyrk til greiðslu lögmannaðstoðar skv. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Umsóknin um fjárstyrk vegna lögmannaðstoðar skal vera skrifleg og undirrituð. Tímaskýrsla lögmanns skal fylgja með umsókninni.

Fjárhæð styrkjar skal metin með hliðsjón af eðli og umfangi málsins. Einnig skal taka tillit til efnahags umsækjanda þegar ákvörðun um fjárstyrk er tekin og er þá tekið mið af framfærsluviðmiðum umboðsmanns skuldara við mat.

Félagsmálastjóri upplýsir styrkbeiðanda um afgreiðslu umsóknar og lögmann hans.



6. gr.

Greiðsla fyrir lögmannskostnað skv. reglum þessum miðast við tímagjald 16.500 kr. Fjölskyldu og velferðarráð Suðurnesjabæjar endurskoðar tímagjaldið í janúar ár hvert. Að jafnaði er ekki greiddir fleiri en 12 tímar.

Í þeim tilvikum sem lögmaður er búsettur utan Suðurnesja er heimilt að greiða akstur skv. km.gjaldi, eins og það er hjá ferðanefnd ríkisins hverju sinni, fyrir hverja ferð fram og til baka, þó að hámarki 100 km. Ekki er greitt tímagjald á þeim tíma sem ekið er.

Til viðbótar getur komið vinna í allt að 10 tíma ef máli er vísað til kæruneftndar velferðarmála. Sé mál það umfangsmikið að útlit sé fyrir að hámarks tímafjöldi sé ekki nægur, skal lögmaður gera skriflega grein fyrir því. Viðbótartímar eru ekki greiddir nema samþykki félagsmálastjóra liggja fyrir því. Gert er ráð fyrir að viðkomandi sæki um gjafsókn ef mál fer fyrir dómstóla.

7. gr.

Ákvörðun um fjárhæð styrkjar er kæraneftndar velferðarmála, sbr. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

8. gr.

Reglur þessar skulu kynntar aðilum máls ef málefni þeirra sæta meðferð fjölskyldu og velferðarráðs Suðurnesjabæjar og þeim lögmonnum sem taka að sér að aðstoða þá, sbr. 47. gr. barnverndarlaga nr. 80/2002.